



Valgreinar 2021 – 2022

Skólaárið 2021-2022 geta nemendur valið úr fjölmörgum greinum sem nánar eru kynntar hér. Markmiðið er að bjóða uppá fjölbreytt úrval valmöguleika og von okkar er sú að allir geti fundið sér áhugaverðar og spennandi greinar. Valgreinar eru sumar sameiginlegar fyrir 8. - 10. bekk, aðrar fyrir 9. og 10. bekk og nokkrar valgreinar eru einungis fyrir 10. bekk.

Valgreinar eru kenndar hálf t. ári í senn, ein til tvær kennslustundir í einu nema annað sé tekið fram í áfangalýsingu. Námsmat byggir á virkni og ástundun í kennslustundum. Athugið að valgreinar geta fallið niður ef ekki er næg þátttaka.

Í stundaskrá nemenda í 8., 9. og 10. bekk eru 37 kennslustundir á viku. Í töflunni sést hvernig tímarnir skiptast á milli námsgreina og valgreina. **Valgreinar eru ekki aukagreinar heldur eru þær jafn mikilvægar og kjarnagreinar og kröfur um ástundun og árangur verða á engan hátt minni. Athugið að val er bindandi fyrir komandi skólaár og því er mikilvægt að vanda valið.**

Námsgrein	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Valgreinar	4 stundir	5 stundir	6 stundir
Bekkjarfundur	1	1	1
Danska	4	3	3
Enska	3	4	4
Íslenska	5	6	5
Íþróttir	2	2	2
Lífsleikni	1	1	1
Náttúrufræði	3	3	4
Samfélagsfræði	4	3	3
Stærðfræði	5	5	6
Sund	1	1	1
UST		1	1
List- og verk	4	2	
Samtals:	37	37	37

Metið val og ábyrgð foreldra í því samhengi. Nemendur eiga kost á að fá metið nám sem þeir stunda utan grunnskólans t.d. við tónlistarskóla, myndlistarskóla, skákskóla, reiðskóla, málaskóla eða ballettskóla sem 2 kennslustundir á viku. Einnig er hægt að fá metna þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi. Til staðfestingar þátttöku í utanskólavali þurfa nemendur að skila sérstöku eyðublaði sem skólinn leggur til með undirskrift foreldris. Nemendur og foreldrar bera fulla ábyrgð á þessum skilum til að starfið/námið fái metið. Athugið að nám eða tómstundir utan skóla má að hámarki meta sem 4 vikustundir ef nemandi stundar tvær íþróttagreinar og eða tómstundir.

AÐSTOÐ Á YNGSTA STIGI 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að fá tækifæri til að miðla þekkingu sinni áfram til yngri nemenda skólans og kynnast starfi kennarans.

ÁFANGALÝSING

Áhersla er lögð á að nemendur setji sig í spor yngri nemenda og miðli af reynslu sinni og þekkingu. Nemendur aðstoða í bekk á yngsta stigi í námi og leik í skólanum, fylgja nemendum eftir í stöðvavinnu og aðstoða þá.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á haustönn og vorönn.

ÁRBÓK 10. BEKKUR

MARKMIÐ

- Að þjálfar nemendur í skipulögðum vinnubrögðum.
- Að nemendur kynnist undirstöðuatriðum í útgáfu blaða.
- Að nemendur læri að setja upp texta og myndir í myndvinnsluforrit.
- Að gefa út árbók 10. Bekkjar.

ÁFANGALÝSING

Kennd eru grunnatriði í uppsetningu á árbók, eldri bækur skoðaðar. Hópa- og samvinna er afar mikilvæg þar sem ákveðið er útlit, þema og verkaskipting. Við lok áfanga hafa nemendur í sameiningu og samstarfi, hannað og unnið að árbók útskriftarhóps skólans, safnað auglýsingum og styrkjum til útgáfu bókarinnar.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á vorönn.

BADMINTON 8. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að auka færni nemenda í badminton.

ÁFANGALÝSING

Það verður lögð áhersla á spil, taktískar æfingar og leiki tengda íþróttinni.

TÍMI

Ein kennslustund á viku á haustönn.

BÓKMENNTIR 9. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Nemendur kynnast mismunandi bókaflokkum, höfundum og bókmenntahugtökum gegnum lestur og umræðuhópa.

ÁFANGALÝSING

Þrjár bækur eftir mismunandi höfunda eru lesnar yfir misserið. Nemendur fræðast um hvern og einn höfund og verk sem hann hefur skrifað. Nemendur lesa heima og í tíma og kennslan fer fram í umræðuhópum um þá bók sem er á dagskrá hverju sinni. Undir lok áfangans fá nemendur að velja bók að eigin vali og útbúa kynningu fyrir hópinn. Möguleiki er á því að rithöfundur komi í heimsókn og spjalli við hópinn um bækur sem hann hefur skrifað.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á vorönn.

DANS, DANS, DANS 8 - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að nemendur hafi tækifæri á að bæta við sig þekkingu og færni á dans sviði.

ÁFANGALÝSING

Nemendur læra grunnspar í samkvæmisdönsum, hópönsum og street dansi. Við lærum að heyra takt og einnig að setja upp eigin rúttínu af dansi. Nemendur munu vinna saman og einnig í sitt hvoru lagi. Mikið stuð og DANSVEISLA.

TÍMI

Ein kennslustund á viku á haustönn og á vorönn.

ELDUM OG BÖKUM 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að nemendur:

- Fái þjálfun í að matreiða og baka fjölbreyttan mat
- Fái þjálfun í næringarfræði
- Fjöllum um áhrif auglýsinga og neyslu
- Læri að skipuleggja innkaup með tilliti til verðs, gæða og umhverfissjónarmiða.

ÁFANGALÝSING

Verklegar æfingar í eldamennsku, bakstri og frágangi. Nemendur fá að hafa áhrif og ákveða í samráði við kennara t.d. hvaða land þeir vilja taka fyrir og elda einkennandi rétt þaðan. Umræður og verkefni um matvæli, næringarfræði og neytendafræði.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á haustönn og á vorönn.

FIMMVÖRÐUHÁLS – TVEGGJA DAGA GÖNGUFERÐ 8. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að nemendur fái reynslu í að undirbúa og skipuleggja lengri göngu og að upplifa í leiðinni eina helstu náttúruferlu Íslands.

ÁFANGALÝSING

Gengið er frá Skógum og yfir hálsinn á einum degi niður í Bása þar sem er gíst. Ekið heim frá Básam. Nemendur eru undirbúnir í upphafi annar og svo er haldið í gönguna strax í lok ágúst. Nemendur koma með nesti að heiman og greiða u.þ.b 12.000 kr upp í kostnað við gistingu, kvöldverð og rútu. Athugið að þetta er eingöngu fyrir nemendur í góðu formi sem treysta sér í langa, erfiða dagsöngu og áskilja kennarar sér rétt til að meta það í samstarfi við foreldra.

TÍMI

Helgarferðin er ígildi tveggja kennslustunda á viku á haustönn.

FJÁRMÁLAFRÆÐSLA 9. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Markmið kennslu í fjármálafræðslu/læsi er að nemendur geti tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýnir neytendur og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði. Að nemendur fái góðan skilning á fjármálahugtökum, skilmálum og samningum og geti lesið launaseðla og skilið.

ÁFANGALÝSING

Nemendur takast á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga og meta þær, finna lausnir, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins. Nemendur læra að nota hugtök sem snúa að eigin fjármálum sem og önnur hugtök sem notuð eru á sviði fjármála svo sem í fjölmiðlaumræðu.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á vorönn.

FJÖLMIÐLUN 8. – 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að nemendur átti sig á hlutverki, tegundum og mikilvægi fjölmiðla og geri sér grein fyrir áhrifum þeirra. Fjölmiðlun er orðin svo margs konar.

ÁFANGALÝSING

Rýnt verður í hlutverk ólíkra fjölmiðla og áhrif samfélagsmiðla. Nemendur gera verkefni tengd því. Í lok annar er stefnt á vettvangsferð þar sem nemendur fylgjast með fjölmiðlafólki að störfum og greina svo frá upplifun sinni meðal samnemenda. Einnig fáum við mögulega fólk í þessum bransa í heimsókn til að segja frá störfum sínum og svara spurningum nemenda.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku **allan veturinn.**

FRANSKA 9. OG 10. BEKKUR

MARKMIÐ

- Geti spurt og svarað í stuttu máli.

- Geti sagt hvað klukkan er.
- Geti bjargað sér á veitingastöðum.
- Nemendur kynnist frönskumælandi heimi og fái innsýn í franskt menningarlíf og sögu.
- Kunni framburð á frönsku.

ÁFANGALÝSING

Ýmis verkefni frá kennara og gagnvirk forrit á netinu. Horft verður á franskar kvikmyndir, hlustað á franska tónlist, frönsk matarmenning skoðuð og haldið franskt kaffishúsakvöld.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á vorönn.

GAFLARALEIKHÚS 9. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að nemendur fái leiklistarþjálfun í formi æfinga og leiklesturs með áherslu á tjáningu, spuna og leikframkomu.

ÁFANGALÝSING

Æfðir eru stuttir leikþættir. Nemendur taka þátt í uppsetningu leiksýningar/söngleiks að ákvörðun þátttakenda þar sem verkefnið er undirbúningur, æfingar og leiksýning með öllum þeim verkefnum sem þarf að leysa fyrir eina leiksýningu (leikur, söngur, búningar, tónlist, kynning ofl.).

TÍMI

Ígildi tveggja kennslustunda á viku allan veturinn.

GETTU BETUR 8. – 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að nemendur fá innsýn og þjálfun í hinum ýmsu spurningategundum og fá leiðsögn í undirbúningi og framkvæmd góðrar spurningakeppni.

ÁFANGALÝSING

Hugsað sem undirbúningur fyrir spurningakeppni grunnskólanna og jafnvel Gettu betur framhaldsskólakeppnina, en hentar einnig vel fyrir þá sem hafa brennandi áhuga á fjölbreyttum fróðleik. Við munum að sjálfsgöðu skoða, semja og reyna að svara hinum ýmsu spurningum og velta líka fyrir okkur bestu leiðunum til að leggja alla þessa vitneskju á minnið. Lokaafurð áfangs verður sú að nemendur skipuleggja og sjá um spurningakeppni innan skólans, t.d. á milli bekkja eða árganga.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á vorönn.

GLER OG MÁLMUR 8. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

- Að nemandi geri sér grein fyrir mikilvægi verkþekkingar í nútíma samfélagi.
- Að nemandi geti hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu.
- Að nemandi geti beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað.

ÁFANGALÝSING

Viðfangsefni eru margvísleg en unnið er með gler, tin, ál, kopar og messing. Nemendur vinna einstaklingsverkefni s.s. mósaík veggmyndir, tiffanys gluggaskraut ofl. Þeir saga, pússa, klippa gler og skera gler, líma, fúa, tina, bora og pólera. Í vinnunni mega nemendur nota tifsög, súluborvél, glerslípivél og smergel. Þeir nota einnig borvél og lóðabolta.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á vorönn.

HLAUPA-OG ÞREKVAL 8. – 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að nendur geti sett saman eigin skokkáætlun, beitt réttri líkamsbeitingu í skokki, nýtt styrk og þol og geti við lok námskeiðsins skokkað samfelt ákveðna vegalengd (5-10 km). Að nemandur læri að gera einfaldar þrekæfingar með eigin líkamsþyngd undir leiðsögn kennara

ÁFANGALÝSING

Hlaupið verður í nágrenni skólans og mikilvægt að nemandinn sé í góðum hlaupaskóm og léttum klæðnaði sem tekur mið af veðri.

TÍMI

Ein kennslustund á viku á haustönn.

HÖNNUN OG SMÍÐI 8. – 10. BEKKUR

MARKMIÐ

- Að nemandi geti valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt ábyrga notkun verkfæra.
- Að nemandi geti útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu
- Að nemandi geti framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töpun og skrúfur.
- Að nemandi geti unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kosnað.

ÁFANGALÝSING

Viðfangsefni nemenda verða margvísleg. Aðallega verður unnið með furu, krossvið og mdf. Nemendur vinna verkefni sín hver á sínum hefilbekk. Þeir saga, pússa, skreyta, hanna, líma, skrúfa, lakka ofl. Þeir nota rafmagnshandverkfæri, t.d. borvél, pússvél og stingsög.

TÍMI

Tveir tímar á viku á haustönn.

JÓGA OG SLÖKUN 8. – 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að nemendur kynnist hugleiðslu og núvitund og að nemendur auki styrk, liðleika, jafnvægi og úthald

ÁFANGALÝSING

Kynning á jóga en aðaláhersla á fjölbreyttar jógaæfingar auk hugleiðslu og slökunar. Nemendur læri að slaka á og róa hugann. Stefnt er að því að fara í tvær heimsóknir sem eru farnar utan hefðbundins skólatíma. Þeir sem ekki komast í þessar ferðir vinna kynningarverkefni í staðinn.

TÍMI

Ein kennslustund á viku á vorönn.

KÓR ÖLDUTÚNSSKÓLA 8.- 10. BEKKUR

MARKMIÐ

- Að nemendur öðlist færni í að vinna að sameiginlegu markmiði í hóp.
- Að nemendur fái reynslu og þjálfun í að koma fram.
- Að nemendur kynnist og læri fjölbreytta tónlist á mörgum tungumálum.
- Að nemendur syngi ólíkar tónlistartegundir eins og klassík, vísnaðsöng og popp.
- Að nemendur kynnist tónlistararfi okkar (þjóðlögum, þjóðvísu og íslenskri tónlist).
- Að nemendur læri grundvallaratriði í raddbeitingu.
- Að nemendur þroski rödd sína og þrói.
- Að nemendur öðlist þjálfun í nótnalestri.
- Að nemendur fái þjálfun í að syngja eftir kórnotum.
- Að nemendur upplifi gleði og ánægju við að syngja í kór.

ÁFANGALÝSING

Hermiaðferð, nótnalestur, hlustun, samvinna. Tónleikar og annar söngur opinberlega bæði innan skólans og utan. Kórinn heldur a.m.k. eina stóra tónleika á ári, hann kemur fram við fjölda tækifæra, syngur t.d. inn á geisladiska.

TÍMI

Ígildi allt að fjögurra kennslustunda á viku.

KVIKMYNDAVAL 8. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

- Að vekja áhuga á bíómyndum, gömlum sem nýjum.

- Að geta lagt mat á og skilið fjölbreytt úrval bíómynda með tilliti til ýmissa þátta, svo sem söguviðs, tæknibrella, leikmyndar og leikstjórnun.

ÁFANGALÝSING

Nemendur horfa á hinar ýmsu bíómyndir, gamlar sem nýjar. Nemendur greina svo myndirnar og leggja mat á þær jafn óðum.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á haustönn.

MANNKYNSSAGA 9. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að nemendur öðlist skilning og fái góða yfirsýn yfir sögu Vesturlanda frá tímum Forn-Grikkja til loka 19.aldar. Að nemendur öðlist færni að vinna fjölbreytt verkefni til að skilja söguna út frá ólíkum sjónarhornum.

ÁFANGALÝSING

Í þessum valáfanga verður rakin saga mannkyns frá Forn –Grikkjum fram til lok 19.aldar. Notast verður við kennslubók í mannkynssögu, heimildamyndir og annað ítarefni frá kennara. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni undir handleiðslu kennara og kynnast þannig sögunni út frá margvíslegum sjónarhornum.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á haustönn.

MYNDMENNT 9. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Við lok áfangans geti nemandi:

- Unnið myndverk sem fela í sér hugmyndavinnu, skissugerð og verklega útfærslu.
- Útskýrt vinnuferli frá hugmynd að fullunnu verki.
- Nýtt sér efni og áhöld sem eru undirstaða myndsköpunar.

ÁFANGALÝSING

Unnin ýmis teikni-, málunar-, grafík- og mótunarverkefni, litafræði, formfræði, myndbyggingu, hugmyndavinnu, tilraunir og frágang verka til sýningar.

TÍMI

Tveir tímar á viku á hausönn og á vorönn.

NBA KÖRFUBOLTI 8. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að vekja áhuga og þekkingu á íþróttinni. Að nemendur fái innsýn inní menningarheim íþróttarinnar og þekki rætur hennar sem að mörgu leyti koma frá götukörfuboltamenningu/streetball í Bandaríkjunum.

ÁFANGALÝSING

Nemendur fá innsýn inní heim NBA körfuboltans í Bandaríkjunum. Margir vilja meina að körfubolti sé móðir allra íþróttanna. Fullyrðing sem vel er hægt að færa rök fyrir.

Við kynnumst helstu leikmönnum deildarinnar og þekktustu liðunum einnig. Skoðum þróun leiksins í gegnum tíðina, en hún hefur verið hröð og mikil.

Skoðum tölfræði leikmanna og klassískar viðureignir liða í úrslitakeppninni ásamt öðru sem tengist leiknum

TÍMI

Tveir tímar á viku á vorönn.

RÖKRÆÐULIST 9. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

- Að nemendur geti tjáð hugsanir sínar skýrt og skipulega.
- Að taka þátt í rökræðum.
- Að efla gagnrýna hugsun.
- Að auka sjálfstraust.

ÁFANGALÝSING

Kennslan fer fram í samræðum þar sem þarf að gagnrýna rök og finna ný rök fyrir skoðunum sínum. Umfjöllunarefni verða tekin úr fjölmiðlum og úr daglegu lífi nemenda. Margskonar heimspekilegar spurningar geta komið upp ss: Hvað er gott líf? Hvernig er réttlátt samfélag? Við hvað erum við hrædd? Hvað er ást? Hvað er guð?

TÍMI

Ein kennslustund á viku á haustönn.

SAMSKIPTI OG SJÁLFSTRAUST 9. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Nemendur læra leiðir til að efla sjálfstraust og hvernig það hefur áhrif á samskipti og viðhorf til annarra og lífsins yfirleitt.

ÁFANGALÝSING

Ræddir verða ýmsir þættir sem hafa áhrif á sjálfstraust, s.s. ofhugsanir, kvíði og fordómar og lögð verður áhersla á að virkja nemendur í færni er varðar eigin ábyrgð í samskiptum, s.s. virðingu, hvatningu, hrós og leiðtogafærni.

TÍMI

Ein kennslustund á viku á haustönn.

SÁLFRÆÐI 9. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Markmiðið er að kynna sálfræði sem vísindagrein fyrir nemendum og að nemendur fái innsýn í fjölbreytileika, sögu, aðferðafræði, kenningar og frumkvöðla greinarinnar. Einnig munum við vinna með jákvæða sálfræði og styrkleikabjálfun.

Markmiðið er að kynna sálfræði sem vísindagrein fyrir nemendum og að nemendur fái innsýn í fjölbreytileika, sögu, aðferðafræði, kenningar og frumkvöðla greinarinnar. Einnig munum við vinna með jákvæða sálfræði og styrkleikabjálfun.

ÁFANGALÝSING

Námið ætti að vera góður grunnur fyrir framhaldsnám í félagsvísindum. Kennslutilhögun: Fyrirlestrar, umræður og verkefni.

Stuðst verður við bókina: Almenn sálfræði : hugur, heili, hátterni eftir Aldísi Guðmundsdóttir og Jörgen Pind.

TÍMI

Ein kennslustund á viku á haustönn.

SPILAVAL 8. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að nemendur kynnist fjölbreyttum spilum.

ÁFANGALÝSING

Nemendur spila borðspil og spilastokka spil af ýmsum toga, hraða spil, teningaspil, herkænskuspil og fleira.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á haustönn.

SPÆNSKA 9. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að nemendur:

- Noti orðaforða um athafnir daglegs lífs og noti sér þann orðaforða sem er í námsefninu.
- Skilji almenn orð og einfaldar setningar.
- Skilji það lesefni sem notað verður og geti unnið verkefni út frá þeim.
- Kunni að nota nafnorð og greini, lýsingarorð og atviksorð, persónufornöfn, töluorð, eignarfornöfn, nútíð og framtíð sagna, spurningar og neitun í rituðu máli.
- Geti spurt og svarað í rituðu og töluðu máli, um klukkuna.
- Noti framburðarreglur í töluðu máli.

ÁFANGALÝSING

Byggður upp orðaforði úr nánasta umhverfi og um athafnir daglegs lífs. Ýmsar tómstundir og afþreying ungs fólks eins og t.d. spænsk tónlist, kvikmyndir og leikir. Markviss málfraeðikennsla.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á vorönn

STÍLL 8. – 10. BEKKUR

MARKMIÐ

- hanna og útfæra hugmynd.
- taka upp snið, breyta og útfæra í samræmi við hugmynd.
- leggja snið á efni, sníða og sauma flík
- koma hugmyndum sínum á blað og vinni í hugmyndamöppu
- frumkvæði, sköpun og sjálfstæði
- vinnusemi, áhugi og vandvirkni

ÁFANGALÝSING

Unnið verður í samvinnu við Ölduna þar sem nemendur vinna meðal annars að hugmyndamöppunni og hanna og sauma flík í samræmi við þema keppinnar. Þrír til fjórir nemendur vinna saman í hóp þar með talið módelið, hópurinn vinnur saman alla önnina og gott er að vera búin að ákveða þegar þið skráið ykkur hverjir ætla að vera saman í hóp en ekki nauðsynlegt. Ekki er hægt að hætta í valinu á miðri önn og ekki er æskilegt að vera að skipta um hóp í miðju ferli.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á haustönn.

STOP MOTION, LEGO STUTTMYNDAGERÐ 8. – 9. BEKKUR

MARKMIÐ

Að nemendur læri að nýta Stop Motion forritið til að búa til stuttmynd út frá handriti sem nemendur búa til, einir eða í samvinnu við aðra.

Að nemendur klippi til myndband í lokin, hugi að lýsingu í upptökum og setji inn tónlist þar sem við á í myndbandið. Annað hvort tónlist sem forritið býður upp á eða búa sjálfir til í öðrum tónlistarforritum.

ÁFANGALÝSING

Nemendur búa til Lego stuttmynd út frá eigin handriti, annað hvort einir eða í samvinnu við aðra. Að því loknu búa nemendur til sviðsmynd út frá handriti og söguþræði og nýta til þess kosti Stop Motion Pro, s.s green screen eða annan bakgrunn að eigin vali. Nemendur huga að söguþræði, þar sem upphaf, miðja og endir koma fram í handriti. Þegar handrit og sviðsmynd er tilbúið hefst upptaka á stuttmyndinni. Nemendur þurfa að huga að lýsingu við upptöku.

Í síðasta tíma verður bíóstemma á meðan myndirnar rúlla í gegn.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á vorönn

STÆRÐFRÆÐIÐSTOÐ 8. – 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að nemandi fái aukna aðstoð og frekari þjálfun á þeim efnispáttum sem verið er að vinna að hverju sinni.

ÁFANGALÝSING

Nemandi vinnur í vikuáætlun og/eða dýpkar þá efnipætti sem verið er að vinna að og fær aðstoð eftir þörfum. Námsmat verður byggt á virkni og vinnusemi í kennslustundum.

TÍMI

Ein kennslustund á viku á haustönn og / eða á vorönn.

STÆRÐFRÆÐI - HRAÐFERÐ 9. BEKKUR

MARKMIÐ

Að nemendur taki námsefni 9. og 10. bekkjar í stærðfræði og ljúka þannig við skyldunámið í stærðfræði að vori í 9. bekk.

ÁFANGALÝSING

Þetta er undirbúningur fyrir nemendur sem stefna á framhaldsskólastærðfræði í Flensburg þegar komið er í 10. bekk. Aðeins þeir nemendur sem hafa B+ og A í stærðfræði geta valið þessa grein og þurfa kennarar að samþykkja að nemandi hafi fullnægjandi hæfni.

TÍMI

Ein kennslustund á viku á haustönn og á vorönn

TEXTÍLMENNT 9. – 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Við lok valáfanga geti nemandi

- beitt fjölbreyttum aðferðum, áhöldum og vélum greinarinnar í textílvinnu.
- geti unnið út frá eigin hugmynd, gert skissu og yfirfært í verkefni. Þ.e. frá hugmynd að fullunnu verkefni.
- geti nýtt sér blöð, bækur og netið við hugmyndavinnu sína.

ÁFANGALÝSING

Nemendur hafa val um að vinna fjölbreytta textílvinnu svo sem fatasaum og prjón. Lögð er áhersla á að nemendur vinni að nokkru leiti eftir eigin hugmyndum en nýti sér einnig uppskriftir, saumabækur, fatasnið og netið. Farið er yfir hvernig má endurnýta og breyta flíkum á skapandi hátt.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á haustönn.

TILRAUNIR Í NÁTTÚRUVÍSINDUM 9. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Nemendur öðlist aukin skilning á náttúrufræði og vísindum í gegnum verklegar tilraunir.

ÁFANGALÝSING

Farið er í tilraunir tengdar mismunandi hlutum náttúruvísinda s.s. eðlis- og efnafræði. Meðal efnis sem fjallað verður um eru bylgjur, ljós, hljóð og rafmagn með það fyrir sjónir að nemendur öðlist enn meiri skilning á hvernig heimurinn virkar. Tilraunirnar og verkefni munu vera raunverkefni þar sem ýmsum spurningum verður vonandi svarað sem og forvitni nemenda kveikt. Stefnt er að því í fara í heimsókn í Vísindasmiðju Háskóla Ísland í lok áfanga

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á haustönn

TÆKNISKÓLAVAL 10. BEKKUR

MARKMIÐ

- Að kynna nemendum inntak iðnnáms og möguleikum framhaldsmenntunar að því loknu.
- Að kynna nemendum helstu tæki og tól sem notuð eru í viðkomandi iðngrein.
- Að nemendur kynnist handverki og læri vinnubrögð verknáms.

ÁFANGALÝSING

Nemendur kynnast ólíkum viðfangsefnum í list- og verknámi sem kynntar eru í lotukerfi þar sem hver nemandi velur þrjú af eftirfarandi viðfangsefnum:

1. Hönnun og nýsköpun
2. Tréiðnir
3. Málmiðnir
4. Rafiðnir
5. Forritun og vefsmíði
6. Ljósmyndun og myndvinnsla
7. Pípulagnir
8. Tækniteiknun
9. Skipstjórn – **eingöngu kennt í Reykjavík**
10. Hársnyrting – **eingöngu kennt í Tækniskólanum í Reykjavík**
11. Málaraíðn – **eingöngu kennt í Tækniskólanum í Reykjavík**
12. Föt og fylgihlutir – **eingöngu kennt í Tækniskólanum í Reykjavík**

Í þessum sex vikna lotum í hverri grein fá nemendur tækifæri til að hanna og smíða eigulega gripi undir leiðsögn færustu kennara. Á þann hátt vinna nemendur að verkefnum, sem tengja saman viðkomandi faggrein og verkfærin, auk þess að kynnast uppbyggingu iðnnáms og möguleikum til framhaldsmenntunar að því loknu. Þetta er einstakt tækifæri til þess að tengja saman áhugamál og fræðandi nám. **Ath sumar greinar eingöngu kenndar í Reykjavík.**

TÍMI

Ígildi tveggja kennslustunda á viku allan veturinn.

ÚTIVIST OG UMHVERFI 8. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að kynna hinar ýmsu leiðir sem í boði eru í útiveru hér á landi. Nemendur læra m.a. að tileinka sér öll helstu atriði sem þarf að hafa í huga í styttri og lengri gönguferðum, að njóta útiveru á sem fjölbreyttastan máta og fái fræðslu um ýmislegt er varðar útiveru, t.d. klæðnað, nesti og fleira. Valið er hugsað fyrir þá sem hafa áhuga og ánægju af hreyfingu og útivist. Mikilvægt að nemendur hafi aðgang að skjólfatnaði og séu vel búnir til fótanna. Öll dagskrá birt með fyrir vara um breytingar.

ÁFANGALÝSING

Farið verður í ýmsar skemmtilegar ferðir eins og:

- Sjósund
- Hjólaferð
- Skíðaferð með fyrirvara vegna veðurs
- Gönguferðir, Helgafell / Búrfell
- Hellaferð
- Starf Björgunarsveitarinnar kynnt fyrir nemendum
- Lengri lokaferð um vorið.

TÍMI

Ótímasett val, tvær kennslustundir á viku á vorönn.

ÞREK OG ÞOL 8. – 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að nemendur hafi tækifæri á að bæta við sig þekkingu og færni á sviði íþróttá- og heilsuræktar.

ÁFANGALÝSING

Megináhersla áfangans verður styrkur og þol. Jafnframt verður lögð áhersla á fjölbreytni og frjálst val nemenda til að auka færni sína í einstökum íþróttagreinum og/eða æfingum og verður áfanginn svolítið sniðinn að hugmyndum og áhugasviði nemendanna sem velja þessa valgrein.

TÍMI

Ein kennslustund á viku á vorönn.

ÞÝSKA 9. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

- Nemandi geti sagt frá helstu staðreyndum um sjálfan sig á þýsku
- Að geta tekið þátt í einföldu samtali á þýsku
- Að geta lesið einfalda texta svosem uppskriftir og leiðbeiningar
- Nemandi geti lýst skyldleika þýsku og íslensku

ÁFANGALÝSING

Farið verður í mikilvægasta orðaforða og helstu atriði þýskrar málfræði, fengist við fjölbreytta texta, horft á myndir, lesið og sungið.

TÍMI

Tvær kennslustundir á viku á haustönn.

ÖLDUVAL 8. - 10. BEKKUR

MARKMIÐ

Að taka þátt í að skipuleggja og taka ákvarðanir varðandi dagskrá og viðburði á vegum Öldunnar. Nemendur eflast í samskiptum og samvinnu við önnur ungmenni, skiptast á skoðunum og komast að sameiginlegri niðurstöðu.

ÁFANGALÝSING

Undirbúningur við viðburði, skreytingargerð og hugmyndavinna tengd viðburðum á vegum Öldunnar. Ölduvalið verður nemendaráði innan handar og kemur að vinnu er tengist félagsmiðstöðinni (t.d. dómgæsla á keppnum í miðdeild, pepp fyrir viðburði, samfélagsmiðlar og fleira).

TÍMI

Ein kennslustund á haustönn og / eða á vorönn.